

Byggðastofnun og Samband íslenskra sveitarfélaga:

Nú er komin bók um byggðastefnu

Út er komið rit sem ber yfirskriftina „Hefur byggðastefnan brugðizt?“. Útgefandi er Byggðastofnun og Samband íslenskra sveitarfélaga. Titill bókarinnar er samhljóðandi yfirskrift ráðstefnu um byggðamál sem haldin var á Selfossi dagana 13.-14. nóvember 1987.

Uppistaða efnis bókarinnar eru 19 erindi ráðstefnugesta um ýmis mál-efni sem á einn eða annan hátt tengjast byggðamálum. Þar má nefna stefnu ríkisvaldsins í byggðamálum, hlutverk Reykjavíkur í íslensku byggðamynstri, atvinnumál á landsbyggðinni, þátt sveitarstjórna og landshlutasamtaka í byggðapró-

un og þátt menningar í byggðapró-

un. Af einstökum greinarhöfundum í bókinni má nefna Þorstein Pálsson, forsætisráðherra Davíð Oddsson borgarstjóra, Einar K. Guðfinnsson útgerðarstjóra, prófessor Leif Graham Verslunarháskólanum í Kaupmannahöfn, Björn G. Ólafsson þjóðfélagsfræðing Byggðastofn- un, Halldór Blöndal alþingismað og Indriði G. Þorsteinsson rithöf- und.

Ritið, sem telur 158 bls., er til sölu hjá útgefendum og kostar 400 krónur.

óþh



Gunnar B. Kvaran listfræðingur við sjálfmynd Jóns Engilberts frá því árið 1965. (Tímamynd Gunnar)


Sjálfsm myndir á Kjarvalsstöðum

Almenningi gefst á næstu vikum kostur á að berja augum sjálfsm myndir hinna ýmsu íslensku listamanna, en sýning á sjálfsm myndum íslenskra listamanna allt frá 19. öld fram á síðustu ár verður opnuð á Kjarvalsstöðum á sunnudaginn.

Sjálfsm myndirnar eru að sjálfsgöðu eins misjafnar og listamennirnir eru

margir og bera þær merki síns tíma.

Á sýningunni er stiklað í gegnum sjálfsm myndir í íslensku listasögu, en ekki er um sögulegt yfirlit að ræða né fræðilega úttekt. Var reynt eftir mætti að velja margbreytileg og góð verk, listunndum til skemmtunar og yndisauka.



Eftir morgunflug í Landeyjunum. Innan um má sjá blesgæsir. Íslenskir veiðimenn hafa tekið sinn toll af gæsunum. (Tímamynd Eggert)

Breska ríkisstjórnin heimilar veiðar á blesgæs:

Blesgæs skrefi nær útrýmingu

David Keys fréttaritari Timans í London:

Blesgæsinn, sem hefur átt mjög undir högg að sækja síðastliðin ár og fækkað verulega, hefur nú eignast enn einn óvininn. Nýverið gaf breska ríkisstjórnin út leyfi til að skjóta hina sjaldgæfu blesgæs, þrátt fyrir að hún sé friðuð samkvæmt lögum Evrópuandalagsins. Blesgæsinn sést á Íslandi í maí og september og hefur Skotveiðifélag Íslands beint þeim tilmælum til félaga sinna að skjóta ekki blesgæsina heldur einbeita sér að grágæs og heiðagæs. Blesgæsinn er ekki friðuð á Íslandi ólíkt því sem er í flestum nágrannalöndum okkar utan Stóra-Bretlands eins og nú kemur í ljós. Þess má geta að stutt er síðan Írar friðuðu blesgæsina. Tilmæli Skotveiðifélags Íslands hafa vakið hrifningu og aðaun fuglavana um gjörvallt Bretland.

Bretar eru nú í fyrsta skipti að gefa út sérstök veiðileyfi á blesgæsina. Náttúruverndarsinnar eru hneykslaðir á þessari ákvörðun ríkisstjórnarinnar og hefur alda mótmæla risið vegna þessa.

Fuglaskoðun er áhugamál sem margir Bretar skemmta sér við og hafa fuglaskoðarar farið í sumarleyfi til Skotlands og Íslands m.a. til að skoða blesgæsina. Stærstu fuglafriðunarsamtök Bretlands, The Royal Society for the Protection of Birds, hafa lýst furðu sinni á ákvörðun bresku ríkisstjórnarinnar og segja hana óútskýranlega.


Talið er að aðeins 21 þúsund blesgæsir séu nú eftir í heiminum. Þar af hafa sjö þúsund fuglar vetursetu á skosku eyjunni Isley, en einmitt þar verður heimilt að skjóta fuglinn. Stór hluti stofnsins á Isley kemur til vetursetu eftir viðkomu á Íslandi.

Bændur hafa kvartað undan blesgæsinni, segja hana éta og eyðileggja uppskeruna hjá þeim, en umhverfisverndarsinnar mótmæla og segja að aðrar aðferðir ætti að reyna til að vernda uppskeruna áður en leyft verður að skjóta blesgæsina. Fleiri bændur hafa gengið hart fram í að fá veiðileyfi á fuglana og hefur ríkis-

stjórnin nú gefið í skyn að slík leyfi verði veitt. Nokkrir bændur hafa gengið svo langt að fara fram á meiriháttar slátrun á fuglunum og hafa fuglavinir risið upp á afturfæt- urna og rekið upp ramakvein.

Fyrir í vikunni var stuttur sjón- varpsþáttur sýndur í BBC um bles- gæsir sem koma frá Íslandi. Þar kom fram að gæsinnar dveljast yfir sumarið á Grænlandi en hafa vetursetu í Skotlandi. Einnig var vitnað til þess að fuglarnir dvelja á Íslandi u.þ.b. tvær vikur seinnipart apríl mánaðar og fjórar til fimm vikur í september, á leið sinni milli Grænlands og Skotlands.

Þegar lítið er til þess að Bretar hyggjast nú leyfa veiðar á blesgæs- inni er ljóst að hún færist skrefi nær því að deyja út. Tíminn greindi frá því ekki alls fyrir löngu að íslenskir skotveiðimenn drepa árlega nokk- ur þúsund af blesgæs, þrátt fyrir tilmæli Skotveiðifélags Íslands.



Filmuætan að störfum í Kringlunni. Það er ekki endilega tryggt að það, sem vélin er mótuð á, komi í heilu lagi út, - vélin étur eina af hverjum þúsund filmum. (Tíminn: Gunnar)

Hakkaði í sig tíu ljósmyndafilemur:

FILMUÆTA Í KRINGLUNNI

Dagurinn var einskis nýtur hjá þeim sem vitjuðu um ljósmyndir sínar á framköllunarstofu Hans Petersens hf. í Kringlunni í vikunni sem leið. Þar biðu þeirra engar framkall- aðar ljósmyndir, svo sem þeir áttu von á, heldur nýjar filmur í stað hinna áteknu og loford um framköll- un þeirra ókeypis.

Framköllunarvélin á stofunni hafði bókstaflega étið filmurnar þeirra. Ekki voru eftir nema slitrur og mylsna af þeim tíu filmum, sem áttu eilíflega að geyma atburði jóla- helgarinnar og rás gamlárskvölds. Verslunarstjórinn sagði að slíkt væri fátítt, vélin hefði frá því að stofan var opnuð í Kringlunni ekki étið nema eina af hverjum þúsund filmum, sem kæmu til framköllunar. Hann sagði jafnframt að þetta ætti við um allar framköllunarvélar, sem víðast hvar væru notaðar nú á dögum.

„Þetta er alls ekki algengt,“ sagði

Jón Ragnarsson, verslunarstjóri. „Það er ekki starfsfólki um að kenna. Filmurnar skemmast í vél- inni. Þetta er slys, líkt og þegar springur dekk á bíl. Við því er ekkert að gera.“

Jón sagði að umrætt tjón væri bætt að erlendra fyrirmynd. Þar væri gefin filma á móti þeirri sem skemmdist og framköllunin á henni væri ókeypis. Jón sagði að þetta væri í fyrsta sinn sem vélin hefði tuggið filmurnar á þennan hátt. Annað óhapp hefði átt sér stað skömmu eftir að rekstur hófst í Kringlunni, en þá sló rafmagn út í öllum verslunum og tvær filmur festust í vélinni. Þar skemmdist þegar reynt var að losa þær.

Jón sagði að áður fyrr hefði verið klausa á filmupökunum um að filmur gætu skemmdist við meðhöndlun. Slík viðvörðun væri ekki nú. „Ég veit ekki hvort það stenst að taka slíkt fram nú lengur,“ sagði verslunarstjórinn. „Það hlýtur að vera lögfræðimál.“ Þj